

| |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 27. maí 2016 |
| Tilv. _____ |

Surtseyjarfélagið
P.O.Box 352
121 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 25. maí 2016
UST201604-084/P.V.B.
09.07.01

Efni: Tilkert í Surtsey 2016

Þann 13. apríl 2016 áttu Hallgrímur Jónasson formaður Surtseyjarfélagsins og Borgþór Magnússon varaformaður félagsins fund með starfsfólki Umhverfisstofnunar í húsnæði stofnunarinnar. Tílefni fundarinnar var að ræða tiltekt í Surtsey, nánar tiltekið að hreinsa rusl úr fjörum og af norðurtanga eyjarinnar. Leitað var eftir stuðningi stofnunarinnar, leyfi og þátttöku fyrir tiltektinni. Lögð var fram aðgerðaráætlun þar sem farið var í hverjir myndi vinna verkið og hvernig því yrði háttað að fjarlægja ruslið úr eyjunni.

Í aðgerðaráætluninni er lagt til að í leiðangri líffræðinga til Surtseyjar 18.-22. júlí verði tveir sjálfboðaliðar frá Surtseyjarfélaginu sem munu aðstoða starfsmann friðlandsins við að tyna saman það rusl sem safnast hefur fyrir í eyjunni. Ruslinu yrði komið fyrir á tanganum þar sem bátar eigi auðveldast með að lenda. Meðlimir rannsóknarleiðangursins myndu aðstoða við tynsluna eftir því sem þeir hefðu tök á. Surtseyjarfélagið mun gera samning við Björgunarfélag Vestmannaeyja um að fjarlægja ruslið úr eyjunni. Undirbúningur verksins verður að öðru leyti í höndum starfsmanns friðlandsins hjá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun tekur undir með Surtseyjarfélaginu að mikilvægt sé að ráðast í tiltekt í fjörum Surtseyjar og norðutanganum. Stofnunin leggur áherslu á að úrgangur sé ekki bara hreinsað úr eyjunni heldur verði tækifærið nýtt til skrá þann úrgang sem þar hefur rekið á land. Mælt er til þess að notaðar verði vinnureglur frá OSPAR við að uppruna úrgangsins og magn hans. Umhverfisstofnun bendir á að áður en tiltektin hefst þarf að vera búin að skipuleggja hvernig þeim úrgangi sem safnað verður verði endurnýttur og/eða fargað eftir því sem við á. Sótt verði um formlegt leyfi til stofnunarinnar og fararleyfi fyrir sjálfboðaliðana óháð rannsóknarleiðangri líffræðingana. Stofnunin er tilbúin að leggja fram starfskrafta tveggja starfsmanna í tengslum við verkefnið og væri æskilegt að Surtseyjarfélagið myndi tilnefna einn sjálfboðaliða í verkið frá félaginu.

Virðingarfyllst

Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri